

Hafnarfjörður 1. janúar 2019

Niðurfelling fæðisgjalda í grunnskóla

1. Ef þrjú systkini eða fleiri með lögheimili í Hafnarfirði eru á grunnskólaaldri greiðir Hafnarfjarðarkaupstaður að fullu hádegismat frá og með þriðja systkini í áskrift í grunnskólanum. Systkini eru nemendur sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá.
2. Ef um þrjú systkini eða fleiri er að ræða þurfa öll eða a.m.k þrjú að vera skráð í hádegismat svo gjald sé fellt niður hjá þriðja systkini. Forsjáraðili/forráðamaður greiðir aldrei hádegisverð fyrir fleiri en tvö systkini á grunnskólaaldri á sama tíma.
3. Skrifstofa Fræðslu- og frístundaþjónustu útvegar innheimtuaðila hádegisverðar í grunnskólum Hafnarfjarðar upplýsingar um þau systkini sem uppfylla fyrstu grein reglnanna.
4. Sé fjölskyldumynstur annað en kemur fram í fyrstu grein þarf að sækja sérstaklega um afslátt á mínum síðum á www.hafnarfjordur.is.
5. Ef að systkini sem eiga rétt á niðurfellingu skv. fyrstu grein er í grunnskóla utan Hafnarfjarðar eða sjálfstætt reknun skólum í Hafnarfirði fær næsta systkini niðurfellingu svo framarlega sem það er í grunnskóla í Hafnarfirði. Sé næst elsta systkini einnig í skóla utan Hafnarfjarðar færist niðurfellingin á þriðja elsta systkinið og áfram ef við á.
6. Stundi systkini á grunnskólaaldri, með sama lögheimili í Hafnarfirði og sama fjölskyldunúmer, nám sitt utan sveitarfélagsins gilda sömu reglur um niðurfellingu fæðisgjalds.

Rósa Guðbjartsdóttir

Bæjarstjóri